

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Hringrás Krossanesbraut/Ægisnes 1, Akureyri



<b>Dags eftirlits</b>	8.5.2013	<b>Fulltrúi UST</b>	Sigrún Guðmundsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Hringrás	<b>Fulltrúi UST</b>	
<b>Heimili</b>	Ægisnes 1	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	4205891319	<b>Flokkur</b>	Úrgangur og efnamóttaka
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Ásmundur Einarsson	<b>ÍSAT nr.</b>	38.22.00
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Bjarni Víðisson	<b>Staðsetning</b>	540324,643 578806,94

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Gerð er ein athugasemd er varðar skipulag og öryggi á athafnasvæði rekstraraðila og eitt frávik staðfest en það varðar aðskilnað úrgangsflokka við geymslu þeirra. Tillaga að útvíkkun starfsleyfis liggur fyrir til umsagnar, en fyrra starfsleyfi gildir þangað til.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með fulltrúa Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra Maríu Markúsdóttur. Á fundi var farið yfir starfsemi síðasta árs, frávik síðustu eftirlitsskýrslu, stjórnun á magni og aðgreiningu úrgangsflokka (sérstaklega spilliefna og brennanlegs úrgangs) á athafnasvæði rekstraraðila hverju sinni, merkingar íláta f. spilliefni og að lokum ákv. starfsleyfis nr. 4.1 og 5.1. Að fundi loknum var athafnasvæði rekstraraðila skoðað,

### Frávik frá

Ákvæði 2.11 í starfsleyfi en þar segir að hreinn aðskilnaður skuli vera milli úrgangsflokka, svo lágmarka megi sambruna-hættu.

### Lýsing á frávik

Hreinn aðskilnaður er ekki fyrir hendi á úrgangshaugum á athafnasvæði rekstraraðila. Sama frávik var staðfest í síðasta eftirliti. Úr sér gengin ökutæki eru fjær skemmu en 8m.

## ATHUGASEMDIR

Koma þarf betra skikki á aðgreiningu úrgangsflokka/skipulag og vakin er athygli á að mikilvægt er að tryggja stöðugleika uppsafnaðs úrgangs svo komast megi hjá slysum.

## ANNAÐ

Rekstraraðili sótti um útvíkkun á starfsleyfi og er tillaga að nýju starfsleyfi nú í auglýsingu. Athugasemdafrestur rann út 8.7 sl. Fyrra starfsleyfi tók gildi þann 18.10.2010 og gildir þar til nýtt leyfi hefur verið gefið út.

Reykjavík, 12.08.2013

Sigrún Guðmundsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.